

**Nd.**

**785. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert.

**2. gr.**

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í síðari málsg. 1. gr.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.